

10. gr.

Verði stofnað heildarveiðifélag yfir allt vatnasvæði Laxár, gangi félagið í það heildarfélag sem sérstök deild.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Laxár í Nesjum.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Skagaröst.
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða, sem land eiga að Laxá og Laxárvatni, en þær eru Saurar, Ós og Tjörn í Skagahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfundur skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Skagaröst í Skagahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Eignarhlutföll milli einstakra jarða eru þessi:

1. Saurar	45%
2. Ós	29%
3. Tjörn	26%
	<hr/>
	Alls 100%

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.